

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matís ohf. Árleyni 2a

UMHVERFISSTOFNUN


Dags eftirlits	21.3.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Matís ohf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Vínlandsleið 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	670906-0190	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Davíð Gíslason	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Birgir Órn Smárason	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi verða sett í eftirlitsskýrluna en ein ábending var gerð um neyðaráætlun um meðferð og förgun eldisfisks.

UMFANG EFTIRLITS

Viðstaddir eftirlitið voru dr. Davíð Gíslason og Birgir Órn Smárason frá Matís ohf. og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

- Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi.
- Hreinsun frárennslis
- Úrgangur
- Skiladagar samkvæmt starfsleyfinu
- Önnur mál

Fiskeldið er nýtt, starfsleyfið er frá 18. desember 2018 en áður var starfsleyfi heilbrigðisnefndar Reykjavíkurþvæðis í gildi í stuttan tíma.

Að Árleyni 2a er fyrst komið inn í lager og aðstöðu til fóðurgerðar. Þar inn af eru tvö aðskilin fiskeldiskerfi.

Búið er að taka í notkun tilraunaeldi í 20 L kerjum fyrir 2 – 3 gramma seiði og þar er sjálfvirk stýring á fóðurgjöf og gegnumrennsliskerfi. Affall fer í holræsakerfi Reykjavíkurborgar.

Nýtt kerfi í ca. 200 L kerjum hefur verið sett upp. Fastefnasía og vatnshreinsikerfi (biofilter) eru við kerfi og er verið að vinna upp gróður í biofilternum áður en kerfið verður tekið í notkun.

Eftirlit var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

ÁBENDINGAR

Farið yfir skiladaga og afriti af neyðaráætlun þarf að skila inn sem fyrst.

Gögn rekstraraðila sendist til Umhverfisstofnunar á netfangið ust@ust.is


ANNAÐ

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur og afhentur í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.04.2019


Gottskálk Friðgeirsson

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Matís ohf.	Dags. eftirlits: 21. mars 2019	Staðsetning stöðvar: Árleyni 2a – 112 R	Starfsleyfisflokkur: aflögð flokkun
Kennitala rekstraraðila: 670906-0190	Gildistími starfsleyfis: 31. des 2030	Kvittun afhent: Já	Gerð stöðvar: tilraunalandeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	x			
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?			x	Á ekki við á þessu ári.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi?	x			
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			x	Á ekki við fyrr en 1. maí á þessu ári, en krafan er í gr. 4.3
Grænu bókhaldi og útstremnisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			x	Ekki krafa um skil á þessum gögnum fyrir fyrirtæki undir 200 tonnum með útrás í sjó
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	x			Sjá gr. 3.9 um umgengni við mengandi efni og gr. 2.5 um tilkynningar vegna mengunaróhappa Sjá gr. 1.5 um gangsetningu og stöðvun rekstrar
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	Ekki krafa í þessu starfsleyfi
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			x	Ekki krafa um ábyrgðartryggingu
Er neyðaráætlun til staðar?		x		Krafa í gr. 2.4 um meðferð og förgun eldisfisks

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	x			Sjá gr. 2.1 um umhverfismarkmið (sem skulu liggja fyrir 18. mars 2019) og 2.3 um umhverfisstjórnunarkerfi
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	x			Útreiknuð fóðurgjöf Fóðurgjöf sjálfvirk þrjá daga fram í tímann hjá 20 L eldinu.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk vört? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	x		x	Engar mælingar en leggja skal inn mat á losun næringarefna. Útreikningar Nýtt starfsleyfi
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslí? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslí?	x			
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslí, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	x			Opið kerfi án hreinsunar í 20 L eldinu en annað er í lokuðu kerfi með síum og vatnshreinsibúnaði. Nota skal fastefnasíu og vatnshreinsibúnað. Eldisvatn skal annað hvort endurnýtt (hreinsað) eða hreinsað og losað í fráveitu. Sjá gr. 3.3
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	x			Frárennslí fer í holræsakerfi Reykjavíkurborgar og um dælustöð út í sjó
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			x	Reykjavíkurborg / Heilbrigðiseftirlit R-víkursvæðis sjá um þennan þátt.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	x			Safna skal dauðum tilraunadýrum úr frárennslinu áður en það fer í holræsakerfið, sjá gr. 3.7 Óheimilt er að farga um niðurföll 3.8
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?			x	Ekki er gerð krafa um umhverfisvöktun

Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.		x	Ekki er gerð krafá um umhverfisvöktun en skrá skal helstu þætti starfseminnar, sjá gr. 4.1
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.		x	Ekki eru gerðar kröfur um mælingar en mat á losun næringarefna til fráveitu skal fara fram sjá gr. 4.2
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?		x	Ekki eru gerðar kröfur um mælingar en mat á losun næringarefna til fráveitu skal fara fram sjá gr. 4.2 Skila skal mati á losun næringarefna árlega f. 1. maí. Sjá gr. 4.3

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar með fiskeldinu, þ.a.l. engar fyrri niðurstöður.

Samantekt:	Fiskeldið er nýtt, starfsleyfið er frá 18. desember 2018 en áður var starfsleyfi heilbrigðisnefndar Reykjavíkursvæðis í gildi í stuttan tíma. Að Árleyni 2a er fyrst komið inn í lager og aöstöðu til fóðurgerðar. Þar inn af eru tvö aðskilin fiskeldiskerfi. Búið er að taka í notkun tilraunaeldi í 20 L kerjum fyrir 2 – 3 gramma seiði og þar er sjálfvirk stýring á fóðurgjöf og gegnumrennsliskerfi. Affall fer í holræsakerfi Reykjavíkurborgar. Nýtt kerfi í ca. 200 L kerjum hefur verið sett upp. Fastefnasía og vatnshreinsikerfi (biofilter) eru við kerfi og er verið að vinna upp gróður í biofilternum áður en kerfið verður tekið í notkun.
Annað:	Engin frávik frá starfsleyfi verða sett í eftirlitsskýrluna en neyðaráætlun um meðferð og förgun eldisfisks þarf að liggja fyrir komi til rekstrarstöðvunar. Gögn rekstraraðila sendist til Umhverfisstofnunar á netfangið <u>ust@ust.is</u>

Undirskrift eftirlitsmanns: